



NÁTTÚRUMINJASAFN ÍSLANDS
ICELANDIC MUSEUM OF NATURAL HISTORY

Alþingi
Erindi nr. P 140/1027
komudagur 14.2.2012

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 22. febrúar 2012
NMSI 2012.022

Erindi: Umsögn um frumvarp til laga um menningarminjar, 316 mál

Meðfylgjandi er umsögn Náttúruminjasafns Íslands um frumvarp til laga um menningarminjar, 316. mál. Beiðni nefndasviðs Alþingis um umsögn barst í tölvupósti 1. febrúar 2012.

Helgi Torfason, safnstjóri Náttúruminjasafns Íslands

Frumvarp um menningarminjar: Umsögn Náttúruminjasafns Íslands, 14. febrúar 2012

Með tölvupósti 1. febrúar 2012 sendi nefndasvið Alþingis Náttúruminjasafni Íslands til umsagnar frumvarp til laga um menningarminjar, 316. mál. Frumvarp til laga um menningarminjar er yfirgripsmikið og hefur tekið miklum breytingum til batnaðar frá því það var fyrst kynnt árið 2007.

Alþingi er varla stætt á að samþykkja frumvarp um menningarminjar án þess að fyrir liggja a.m.k. drög að greinargerð sem innheldur mat á lágmarksverðgildi muna sem taldir eru upp í grein 45. Ef ekki liggur fyrir mat á lágmarksverðgildi er 45. greinin marklaus og getur jafnvel verið til skaða. Í greinargerð með frumvarpinu er vísað til laga 105/2001 og tilskipunar 93/7/EBE. Í þeim báðum eru tilgreind lágmarksverðgildi gripa og má etv. hafa það til fyrirmyndar í viðkomandi lögum.

Eftirfarandi eru fáeinar ábendingar:

6. gr. segir:

Með fornleifarannsókn er átt við hvers kyns vísindalegt starf sem unnið er til að stuðla að aukinni þekkingu á fornleifum, sem þegar er vitað um eða líklegt er að finnast muni eða til að ganga úr skugga um hvort um þess háttar fornleifar sé að ræða á tilgreindu rannsóknarsvæði. Fornleifarannsókn felst meðal annars í vettvangsskráningu fornleifa, rannsókn og könnun fornleifa án jarðrasks og hvers kyns jarðraski sem fram fer í þeim tilgangi að afla aukinnar þekkingar á fornleifum.

Hér er blandað saman skráningu og rannsókn, sem eru alls ekki samsvarandi aðgerðir. Fyrst eru atriði rannsökuð og síðan eru þau skráð. Til rannsókna þarf sérfræðinga en nánast hver sem er getur skráð upplýsingar um atriði sem þegar eru komin fram, þótt sérfræðingar sjái oft um slíkar skráningar. Rannsókn þýðir að kanna e-ð ofan í kjölinn, athuga nákvæmlega. Eðlilegra væri að þarna stæði t.d.:

Fornleifarannsókn felst í athugunum í þeim tilgangi að afla aukinnar þekkingar á fornleifum, bæði á vettvangi, hvort sem er án eða með jarðraski, og rannsókn og úrvinnslu þeirra atriða og/eða gripa sem fram koma við slíkar vettvangsrannsóknir.

Í greinargerð með frumvarpinu, þar sem fjallað er um 6. gr., eru taldar upp nokkrar gerðir fornleifarannsókna s.s. *fornleifaskráning vegna skipulagsrannsókna, fræðilegar rannsóknir, rannsóknir vegna fyrirhugaðra framkvæmda, björgunarrannsóknir* o.fl. Þessi upptalning mismunandi „tegunda rannsókna“ er harla óvenjuleg. Eðlilegra væri að telja upp rannsóknir í mismunandi tilgangi auk þess sem mælingar einar sér teljast yfirleitt ekki til rannsókna, þótt mælingar séu vissulega tengdar þeim. Gæti setningin þá verið:

Fornleifarannsóknir geta verið í ýmsum tilgangi, svo sem vegna skipulagsvinnu, fræðilegrar vinnu, fyrirhugaðra framkvæmda, björgunar forleifa, vegna friðlýsingar minja, skyndifriðunar eða vegna neyðarráðstafana. Þá tengjast oft slíkum rannsóknum mælingar á umfangi fornleifa.

8. og 9. gr. liðir c og d.

Það má spyrja hvort það teljist góð stjórnsýsla þegar nefndir setja sjálfum sér reglur, jafnvel þótt ráðherra setji blessun sína yfir þær. Sennilega er sú leið heppilegri að nefndirnar setji reglur og síðan eru undirnefndir sem fara eftir þeim og gefa umsagnir um styrkumsóknir. Það er neikvætt fyrir starfsemi nefnda á borð við Fornminjanefnd og Húsafriðunarnefnd að þær séu að „veita“ eða „hafna“ samstarfsaðilum með umsögnum um styrki.

Í 10. gr. segir að minjasvæði skuli að skilgreina í reglugerð skv. tillögu Minjastofnunar.

Þar sem landinu hefur fyrir löngu verið skipt í minjasvæði er eðlilegt að þess sé getið í frumvarpinu, þó ekki væri nema í greinargerð með því. Það væri einnig bæði eðlilegt og gagnlegt að sú skipting væri sýnd á korti. Ef til stendur að breyta þeirri skiptingu er eðlilegt að það komi fram í frumvarpinu eða skýringum með því. Eins og greinin og skýringar standa núna er eins og engin mörk séu til og þetta sé ný tilhögun.

36. gr

Í 1. mgr. er kveðið á um að allar fornleifarannsóknir skuli tilkynna til Minjastofnunar. Vandséð er hvers vegna þurfi að tilkynna rannsóknir sem engin áhrif hafa á fornminjar (tóttir, veggjabrot o.þ.h.). Þar sem löggjafinn virðist gera lítinn greinarmun á mælingum, rannsóknum og skráningu er þetta ákvæði enn skrýtnara. Eðlilegt er að leyfi þurfi til að raska minjum en varla getur það komið Minjastofnun mikið við þegar aðeins er horft á þær, brugðið á þær málbandi eða rissaðar upp afstöðumyndir.

45 gr.

Í greininni er nákvæmlega listað hvað ekki má flytja úr landi tímabundið eða til framtíðar án leyfis stjórnvalda og er það í flestum tilvikum eðlilegt og góð ráðstöfun. Í sumum greinum er þó mjög langt gengið í takmörkun á eignarétti og spurning hvernig það samrýmist 72. grein stjórnarskrár. Eins og að framan er greint skiptir væntanleg greinargerð um verðviðmið miklu máli og ef til vill væri skýrara að þau væru hluti laganna eins og í fyrri lögum 105/2001. Fyrir þá sem þurfa og vilja fara eftir lögnum skiptir t.d. miklu að gera sér grein fyrir að heimilt sé að fara með ljósmyndir úr landi þótt þær séu 50 ára gamlar, ef verðgildi þeirra er innan við t.d 1,1 m.kr. Sú reglugerð sem minnst er á í greininni þarf því að koma út um leið og lögin eru samþykkt. Þar mætti binda verðgildi gripa við einhverja vísitölu svo þau verði ekki úrelt um leið, ef ekki er unnt að beita slíku ákvæði í lögum.

Helgi Torfason, safnstjóri
Náttúruminjasafn Íslands